



Alþingi
Erindi nr. P 139/1701
komudagur 14.3.2011

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14. mars 2011

Til Menntamálanefndar Alþingis

Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um tillögu til þingsályktunar þingskjal 316 – 273 mál.

Stjórn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista, vill koma á framfæri athugasemdum sínum við þingsályktunartillögu um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Siðmennt leggur til að tillagan verði felld.

GREINAGERÐ:

Allt frá stofnun Siðmenntar, árið 1990, hefur eitt af megin baráttumálum félagsins verið að vinna gegn lagasetningum sem mismuna lífsskoðunum og þeim félögum sem að þeim standa. Siðmennt hefur gagnrýnt lög um grunn- og leikskóla sem á árunum 1974-2008 hafa innihaldið markmiðsgreinar sem mismuna fólki. Þannig hefur í þeim hefur verið lögð áhersla á að kenna kristilegt siðferði umfram almennt siðferði sem gagnast fólki af öllum lífsskoðunum.

Í 2. grein laga um grunnskóla, sem samþykkt var árið 2008, segir m.a.:

Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hugtakið kristin arfleifð er frekar loðið og vakna spurningar um við hvað er átt með þessari útlistun. Markmið þingsályktunarinnar virðist ekki augljóst. Í henni vísa flutningsmenn til þessarar markmiðsgreinar og benda á að vanda þurfi til fræðslu um hinn kristna menningararf þjóðarinnar til þess að auka skilning á þeirri arfleifð. Það er mat Siðmenntar að kennarar í grunnskólum sinni þeirri vinnu nú þegar enda styðst námsskrá grunnskóla við lögin í þeim efnum. Siðmennt hefur aldrei lagst gegn kennslu um kristni eða aðrar lífsskoðanir, hvorki trúarlegar né veraldlegar. Siðmennt hefur bent á að það er eðlismunur á fræðslu um trúarbrögð og trúarinnrætingu og þann greinarmun hefur Mannréttindaráð Reykjavíkur einnig gert á vandaðan máta með þeirri reglugerð sem vísað er í.

Um greinagerð þingsályktunarinnar

Við lestur greinagerðar flutningsmanna virðist ljóst að þingsályktunartillagan er að einhverju leiti beint gegn tillögu Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um samskipti skóla og lífsskoðunarfélaga sem lögð var fyrir ráðið á síðasta ári. Fyrir þá sem lesið hafa tillöguna þá gengur hún út á að aðskilja trúboð, sem viðgengist hefur í sumum leik- og grunnskólum borgarinnar, frá starfi opinberra stofnanna. Verið er að setja fram samskiptareglur þar sem grundvallarmannréttindi foreldra eru höfð í hávegi: Að fá að senda börnin sín í almenna opinbera skóla án þess að þar sé reynt að innræta þeim lífsskoðanir eða fá til iðkunar á trúarsíðum sem samræmast ekki þeirra eigin. Foreldrar bera fulla og óskorða ábyrgð á uppeldi barna sinna hvort sem um er að ræða almennt uppeldi eða trúarlegt. Eina leiðin til að tryggja að fjölskyldum sé ekki mismunað að þessu leyti er að tryggja að skólahlald sé ekki merkt eða litað af einhverjum hópum, hvort sem það eru hópar í meirihluta eða minnihluta. Slík skipan er einmitt sú sem flest öll lagagerð í hinum Vestræna heimi í kjölfar Upplýsingarinnar miðaði að til að koma í veg fyrir eignun og mismunun. Þetta er hin veraldlega lýðræðisskipan sem tryggir best sátt og samlyndi í fjölmenningslegum þjóðfélögum.

Í þingsályktunartillögu Árna Johnsen og meðflytjenda felst sú hugmynd að ríkið beri skjöld og sverð kristninnar fyrir brjósti og leyfi svo hinum að fljóta með eða fái undanþágur til að komast undan innrætandi trúboði eða trúariðkun innan skólanna. Sumir skólar hafa starfað í þessum anda og hafa margar kvartanir borist undanfarinn ár vegna þessa.

Möguleikar foreldra til að sinna trúarlegu uppeldi barna sinna utan skóla eru ótal margir og er t.d. Þjóðkirkjan með mjög öflugt starf í húsnæði sínu. Það er algjör misskilningur að skólar í forsjá opinberra aðila eigi að sjá um trúarlegt uppeldi enda stangast það á við trú- og sannfæringarfrelsi. Trúfrelsi er ekki aðeins rétturinn til að stunda trú sína heldur einnig að vera án trúar.


Í greinagerðinni eru tvær setningar sem Siðmennt getur tekið undir og vill gera að sínum lokaorðum:

Mikilvægt er að skóli í fjölmennings- og fjölhyggjusamfélagi gæti að réttindum allra. Það er einnig mikilvægt að skólastarfið stuðli að umburðarlyndi og tillitssemi.

Tillaga sem gengur út á að upphefja eina lífsskoðun í opinberum skóli gengur þvert á innihaldi þessara setninga.

Stjórn Siðmenntar lýsir yfir vilja sínum til að mæta á fund menntamálanefndar til þess að rökstyðja svar sitt betur.

Virðingarfyllt
F.h. Siðmenntar



Bjarni Jónsson
sidmennt@sidmennt.is